

## FUNDARGERÐ

128. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn í grunnskólanum, mánudaginn 19. desember 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

### I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

#### 1. Fjárhagsáætlun 2006

Umræðu um fjárhagsáætlun Tónskólans var frestað á síðasta fundi. Fyrir fundinum liggja tvær áætlanir, önnur miðuð við 1,5 stöðugildi frá 1. ágúst og hin miðuð við 2,0 stöðugildi eins og verið hefur til þessa.

Miðuð við 1,5 stöðugildi er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði 9.120 millj.kr. þar af launakostnaður 8.510 millj.kr. Miðuð við 2,0 stöðugildi er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður skólans verði 10.020 millj.kr. þarf af launakostnaður 9.510 millj.kr.

Skólanefnd áréttar að skv. námskrá fari skráning í skólann fram að hausti fyrir allt skólaárið.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn skoði hvort hagkvæmt geti verið að reka skólann í samvinnu við önnur sveitarfélög.

Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leyti að fjárhagsáætlun verði samþykkt miðuð við 1,5 stöðugildi frá og með næsta skólaári.

Formaður óskar fundarmönnum gleðilegra jóla.  
Kristín yfirgefur fundinn

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

**Fundi slitið kl: 18:00.**

---

Sigrún Guðmundsdóttir

---

Þorgerður Einarsdóttir  
Formaður

---

Bergþóra Ástþórsdóttir

---

Ragnheiður Högnadóttir

---

Andrína Erlingsdóttir